



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, miðvikudaginn 25.01.2017, kl. 17:30

Mættir: Sigurður Bjarnason, Þorsteinn Þorbergsson, Kristján B. Thorlacius, Ásta Kristjánsdóttir, Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir, Þorsteinn Júlíus Árnason. Einnig sat fundinn Ása Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundagerðina.

Forföll: Sigríður Dís Guðjónsdóttir,

Fundagerð:

Formaður, Sigurður Bjarnason, setti fundinn og stýrði

1. Samþykkt á fundagerð seinasta stjórnarfundar
Niðurstaða: fundagerð samþykkt
2. Endurnýjun samninga við Garðabæ
Sigurður formaður fór yfir efnisatriði samningsins.
Niðurstaða: Aðalstjórn samþykkti samninginn, lagt verður til að samningurinn verður undirtitaður 7.febrúar í hálfleik hjá mfl. Kvk í handbolta
3. B&U Styrkur – úthlutun
Niðurstaða: Máli vísað til næsta fundar
4. Handknattleiksdeild – skiltamál
Hugmyndir leigutaka að samningi vegna uppsetningar LED skilta sem borist hafa handknattleiksdeild voru kynntar fyrir aðalstjórn.
Niðurstaða: Kristján og Sigurður fylgja þessu máli áfram með handknattleiksdeild og upplýsir stjórn um gang mála.
5. Húsnæðismál, aðstaða starfsmanna og félagsheimili – viðhald og framtíðarsýn
Framkvæmdastjóri fór yfir það viðhald sem gert hefur verið undanfarna daga vegna kvartanna frá heilbrigðiseftirlitinu.
Formaður fór yfir þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar voru og samþykktar voru árið 2015,
Niðurstaða: Stjórn mun setja upp vinnufund stjórnar þar sem framtíðarsýn í þessum efnum verður mótuð, teikningar sem áður voru gerðar verða kynntar fyrir öllum stjórnarmönnum og stefna mótuð.
6. Önnur mál
 - a) Aðalstjórn barst erindi frá lögmanni Snorra Páls Blöndal, Kristjáni var falið að taka málið til skoðunar fyrir hönd aðalstjórnar og Sigurði falið að vera í sambandi við þau og kynna niðurstöður eftir yfirferð.
 - b) Æfingagjöld í barna og unglíngastarfi körfuknattleiksdeildar, upp kom atvik eftir ábendingu frá forráðamanni að verið væri að greiða auka greiðslur til þjálfara sem ekki færu í gegnum nóra. Framkvæmdastjóri og gjaldkeri stjórnar funduðu um málið



með Barna- og unglingaráði deildarinnar. Framkvæmdastjóri upplýsti aðalstjórn um málið og mun vinna að því að koma þessu í réttan farveg.

- c) RIG ráðstefna, framkvæmdastjóri vakti athygli stjórnamanna á áhugaverðri ráðstefnu um góða stjórnunarhætti í íþróttastarfi.

fundi var slitið kl. 19:50, Ritað Álf